



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS · HÁSKÓLABÓKASAFN

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/664
komudagur 9.1.2009

Nefndasvið Alþingis
Menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. janúar 2009
Tilvísun: 200811-0017 / IS

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Meðfylgjandi er umsögn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns um frumvarp til laga um safnið, þingskjal 154 – 139. mál, 136. löggjafarþing 2008-2009. Frumvarpið var rætt á tveimur stjórnarfundum og stjórn safnsins og landsbókavörður eru sammála um þau sjónarmið sem fram koma í umsögninni.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
landsbókavörður

Fylgiskjöl: Umsögn um frumvarp til laga um Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn

Efni: Frumvarp til laga um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn - Þingskjal 154 – 139. mál

Umsögn frá landsbókaverði og stjórn safnsins

7. janúar 2009

Almennar athugasemdir:

Núgildandi lög um Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn, lög nr. 71/1994, bera þess merki að verið var að sameina tvær stofnanir þegar löggin voru sett. Þeim markmiðum um sameiningu og breyttar áherslur sem stefnt var að hefur verið náð. Safnið er nú ein heild og er mun öflugri eining en þau tvö söfn sem voru sameinuð á sinum tíma. Safnið óskaði því eftir endurskoðun á lögnum seinni hluta árs 2004 sbr. bréf til menntamálaráðherra dags. 31.10.2004.

Áhugi á að breyta lögnum nú kemur til vegna mikilla breytinga sem orðið hafa á umhverfi sem safnið starfar í. Háskólum hefur fjölgað og jafnframt nemendum og kennurum á háskólastigi. Nemendum í framhalds-, og rannsóknartengdu námi hefur fjölgað auk þess sem, opinber framlög til rannsókna hafa aukist verulega. Þessi starfsemi hefur einnig dreifst um allt land og er m.a. möguleg vegna mikilla tækniframfara sem orðið hafa við útgáfu og miðlun upplýsinga.

Síðustu árin hefur safnið í sífelld auknum mæli opnað fyrir aðgengi að gögnum sínum og segja má að það sé opið 24 tíma á sólarhring, allan ársins hring. Það tekur þátt í ýmsum samstarfsverkefnum með öðrum bókasöfnum í landinu um dreifingu upplýsinga. Þar má t.d. nefna *bókasafnskerfið Gegni* sem er samskrá íslenskra bókasafna á gegnir.is og jafnframt þjóðbókaskrá Íslendinga. Gegnir er rekinn af Landskerfi bókasafna hf, en menntamálaráðuneytið hefur falið safninu að fara með hlut ríkisins í stjórn fyrirtækisins auk þess sem starfsmenn safnsins leggja mikið til kerfisins bæði sérfræðipækkingu og skráningarfærslur. Þá rekur safnið *Landsaðgang að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum* í samvinnu við íslensk bókasöfn og stofnanir skv. þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið. Þar er m.a. aðgangur að fullum texta um 14000 erlendra vísindatímarita á hvar.is. Og þá má einnig nefna *stáfræna endurgerð íslensks efnis* t.d. dagblaðanna en nú eru um 2.5 millj. blaðsíðna af slíku efni á tímarit.is. Þá sér safnið um séráskriftir að gagnasöfnum og rafrænu efni fyrir Háskóla Íslands.

Lýst er ánægju með frumvarpið. Það er einföldun frá núgildandi lögum og það markar safninu skýran starfsramma, en veitir jafnframt svigrúm til að haga starfseminni í samræmi við síbreytilegar aðstæður á hverjum tíma.

Athugasemdir við einstakar greinar:

2. gr. Stjórn

Skipan stjórnar: Lögð er til talsverð breyting á skipan og hlutverki stjórnar. Hí hefur eftirleiðis einn fulltrúa í stað tveggja en inn kemur fulltrúi frá öðrum háskólum. Þá fellur út tilnefning af hálfu vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs. Í Vísinda- og tækniráði sitja fulltrúar helstu hagsmunaaðila á sviði rannsókna og æðri menntunar hér á landi en safnið þjónar þessum hópi með margvíslegum hætti. Það er því mikill ávinningur að fulltrúi úr þessum hópi sitji áfram í stjórn.

Hlutverk stjórnar: Breyting á hlutverki stjórnar í nágildandi lögum felur í sér, að í stað þess að hafa umsjón með gerð starfs- og fjárhagsáætlana, þá er lagt til að stjórn veiti landsbókaverði umsagnir um árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir og skipulag safnsins. Jafnframt er lagt til í frumvarpinu að stjórn skuli vera landsbókaverði til ráðgjafar um stefnu safnsins og önnur málefni sem varða starfsemi þess. Tillagan skv. frumvarpinu um hlutverk og stöðu stjórnar er veikari en í nágildandi lögum og því er ástæða til að skýra hlutverk stjórnarinnar betur.

Þar sem safnið var sameinað úr tveimur söfnum á sinum tíma og hefur mjög víðtækt hlutverk telur landsbókavörður og stjórnin mikilvægt að safnið hafi stjórn og að í henni sitji fulltrúar helstu hagsmunaaðila. Samstarf landsbókavardar og stjórnar hefur reynst farsælt og sameiginleg niðurstaða var því sú að fulltrúar í stjórn skuli hafa áhrif á stefnumörkun og rekstur og jafnframt veita landsbókaverði ráðgjöf um þær þarfir og sjónarmið sem safnið skuli starfa eftir til að geta uppfyllt skyldur sínar.

Starfsheiti forstöðumanns: Koma þarf skýrar fram að starfsheiti forstöðumanns sé landsbókavörður.

Fulltrúi starfsmanna: Skv. nágildandi lögum situr einn fulltrúi starfsmanna fundi stjórnar en ákvæðið er fellt út í frumvarpinu. Fulltrúi starfsmanna hefur skapað upplýsingaflæði til og frá stjórn og lýðræðisleg tengsl milli stjórnar og starfsmanna safnsins. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel og er því lagt til að heimilt verði að skipa áfram fulltrúa starfsmanna á fundi stjórnar.

Því er lagt til að 2. gr. hljóði svo:

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn Landbókasafns Íslands – Háskólabókasafns til fjögurra ára í senn. Skal einn tilnefndur af háskólaráði Háskóla Íslands, einn af samstarfsnefnd háskólastigsins, einn af félagi bókasafns- og upplýsingafræðinga samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra, einn að tilnefningu vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs og einn án tilnefningar.

Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna.

Forstöðumaður safnsins, landsbókavörður, situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétt. Einnig er heimilt að fulltrúi starfsmanna bókasafnsins sitji stjórnarfundi.

Stjórnin markar Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni stefnu í samráði við landsbókavörð, staðfestir árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir, veitir landsbókaverði ráðgjöf og fylgist með starfsemi safnsins.

4. gr. Hlutverk og áherslur

Lýst er ánægju með einföldun á hlutverkum og markmiði safnsins enda má líta á lögina sem ramma utan um starfsemina sem getur verið breytileg á hverjum tíma. Tækniframfarir hafa m.a. breytt ýmsu í starfsemi safnsins á síðustu árum, starfsþættir hafa verið fluttir annað og nýir teknir inn og líklegt er að sú þróun muni halda áfram á næstu árum. Ekki er ástæða til að tíunda alla mögulega starfsþætti líkt og í núverandi lögum. Telja verður að 8. tl. frumvarpsins sé nægjanlega opin til að bregðast við hugsanlegum breytingum i umhverfi safnsins, taka inn ný verkefni eða úthýsa öðrum. Eðlilegt er að safnið setji sér síðan markmið innan þessa ramma.

Í 4. tl. er fellt út ákvæði um rannsóknir á íslenskum handritum og samsvarandi efnis á nýrri miðlum.

Í 6. tl. er aukið við samsvarandi ákvæði í nágildandi lögum, þannig að það nær yfir bókfræði og bókasafns- og upplýsingafræði, sem felur m.a. í sér bóksögu sem var í eldri lögum. Þá er eðlilegt að orðinu *bókaútgáfu* sé breytt í *útgáfustarfsemi* þar sem safnið safnar og fær í skylduskilum miklu fjölbreyttara efni en bækur. Þá er orðalagsbreyting í 6. tl. þar sem að í stað þess að halda uppi rannsóknnum, þá skuli veita aðstoð við rannsóknir.

Engar rannsóknarstöður hafa verið við safnið en samt sem áður hafa starfsmenn alltaf í einhverjum mæli sinnt rannsóknnum. Þar fyrir utan hafa starfsmenn safnsins tekið þátt í margvíslegum þróunar- og nýsköpunarverkefnum bæði innanlands og utan og ber að leggja áherslu á þau. Innanlands eru t.d. verkefni um Gegni og Landsaðgang sem áður eru nefnd. Erlendis á safnið í samstarfi við erlend þjóðbókasöfn og ýmis alþjóðleg samtök og mikilvægt er að halda slíkri starfsemi áfram til þess að safnið standi jafnfætis öðrum þjóðbókasöfnum t.d. í nýtingu upplýsingatækni við söfnun, miðlun og varðveislu gagna. Þá er einnig nauðsynlegt að safnið hafi frumkvæði á þessu sviði m.a. til að stuðla að samstarfi og samræmingu starfshátta íslenskra bókasafna og til að veita þeim faglega ráðgjöf eins og segir í 7. tl. og jafnframt til að vinna að opinberum markmiðum eins og t.d. eru sett fram í *Netrikið Ísland : stefna ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2008-2012*. Safnið getur einnig verið vettvangur rannsókna t.d. notendarannsókna og ætti því að eiga í samstarfi eða stuðla að rannsóknnum til að geta veitt betri þjónustu.

Því er lagt til að 4. og 6. tl. hljóði svo:

4. tl. Að varðveita handritasöfn þau og einkaskjalasöfn sem stofnað hefur verið til og vinna að markvissri söfnun íslenskra handrita og einkaskjala og samsvarandi efnis á nýrri miðlum, auk þess að stuðla að rannsóknnum á þeim.

6. tl. Að stuðla að rannsóknnum á sviði bókfræði og bókasafns- og upplýsingafræði og veita upplýsingar um íslenska útgáfustarfsemi.

5. gr. Samstarf við Háskóla Íslands og aðra háskóla

Þar sem safnið er bókasafn Háskóla Íslands er rétt að hnykkja á því og lagt er til að 1. mgr. 5. greinar hljóði svo:

Þar sem safnið er bókasafn Háskóla Íslands skal samstarf Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Háskóla Íslands byggjast á sérstökum samstarfs- og þjónustusamningi.

8. gr. Gjaldtaka

Í umræðu um frumvarpið hefur borið á misskilningi um að safnið muni í stórauðnum mæli taka gjald fyrir útlán á efni. Nú greiða almennir notendur 1200 kr. fyrir útlánaskírteini sem gildir í eitt ár. Skírteinið veitir aukinn aðgang að Gegni og notendur geta m.a. skoðað upplýsingar um sjálfa sig, endurnýjað lán, tekið frá efni og pantað efni í millisafnaláni. Stúdentar, kennarar og aðrir starfsmenn við HÍ fá bókasafnsskírteini án endurgjalds, en Háskóli Íslands greiðir safninu ákveðið gjald fyrir hvern skráðan stúdent, auk starfsmanna, skv. samstarfssamningi. Gjaldið nemur nú um 25% af almennu skírteinisverði eða um 300 kr. á mann. Einnig fá stúdentar og starfsmenn HÍ ýmsa aðra þjónustu án endurgjalds en í öðrum tilvikum með 50% afslætti. Allt er þetta tíundað í gjaldskrá sem er birt á vef safnsins. Til að koma í veg fyrir misskilning er rétt að breyta orðalagi og nota orðið *útlánaskírteini* í stað *útlánastarfsemi*.

Þá er einnig rétt að taka fram að heimilt sé að innheimta gjald fyrir *ákveðna þjónustu*. Meginhluti þeirrar þjónustu sem safnið veitir er ókeypis og má þar nefna aðstöðu, aðgang að tölvum, aðgang að gögnum bæði á staðnum og stafrænt efni á netinu, aðgang að skráum o.s. frv. Greinin hljóði því svo:

Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni er heimilt að innheimta gjald fyrir ákveðna þjónustu, svo sem útlánaskírteini, millisafnalán, fjölföldun, gerð ljósmynda, sérfræðilega heimildarþjónustu og tölvuleitir. Heimildin nær einnig til innheimtu skilagjalds eða dagsekt. Landsbókavörður setur gjaldskrá um framangreinda gjaldtöku, að fenginni umsögn stjórnar. Gjaldskráin skal birt með aðgengilegum hætti.

Aðrar athugasemdir eru ekki við frumvarpið.